

4/2 1966.

Garðar Jónsson.

S T A R F S S KÝR S L A F Y R . I R Á R I Ð.
=====

1 9 6 5 .
=====

Suðurlandsmundæmi.

1. Veður og vöxtur:

Janúar byrjaði með frosthörku og miklum snjó, en í þorru byrjun brá til sunnanáttar og eftir það má segja að veturinn hafi verið mildur, þó gerði stöku sinnum smá frostkafla. Vorið var gott, en nokkuð purrt. Sumarið var einnig gott, en mjög purrt, svo vafalaust má telja að það hafi háð trjávexti, sem þó var yfir meðallag. Seinast í ágúst gerði naturfrost, sem gerðu þó engan skaða. Upp úr miðjum september fór að rigna, og má segja að stanslaust hafi right, þar til í október lok. Nóvember og desember tölувvert frostharðir, svo búast má við að klaki hafi gengið djúpt í jörðu.

Laufgun á birki hér um slóðir, tel ég að hafi verið um 1. júní, en lauffall um 20. sept. 8. maí var ég staddur austur í Bæjarstaðaskógi, þá var birkið þar að byrja að springa út og var skógurinn aðeins grænn yfir að líta, sama er að segja um brekkurnar á Kirkjubæjarklaustri. Á báðum stöðunum er veðurseld og má reikna með að laufgun sé mun fyr þar en víðasthvar annarstaðar.

15. apríl fór upp í Pjórsárdal að gróðursetja lúpinurætur og sá lúpinufræi, klaki var að vísu í jörðu, nokkuð ofarlega, en þó voru gamlir lúpinuhnausar farnir að vaxa. Undanfarandi ár hefur verið gróðursett á hverju vori dálitið af lúpinurótum á vikrana í Pjórsárdal, þetta hefur gengið ágætlega og hafa þeir vaxið og dafnað vel, en aftur á móti hefur gengið illa með sáningar og mjög lítið er af fræplöntum í kring um hnausana. Hvað veldur veit ég ekki, en get mér bess til, að sandurinn sé svo þurr að fræið nái ekki að spíra, eða þá að vorfrost drepi kímplönturnar, sem spíra í apríl eða fyr.

Maðkur og lús var ekki teljandi í sumar og vöxtur og þrif ágæt.

2. Starfsfólk:

Starfsfólk á árinu.

	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	Samt.
Karlar	3	6	8	12	8	5	42
Konur			1	1	2		4
Samt.	3	6	9	13	10	5	46

Allar kaupgreiðslur ársins urðu Kr. 319.010,-, þar af greitt í sparimerkjum Kr. 30.558.-. Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig, apríl Kr. 5.563,-, maí Kr. 17.560,-, júní Kr. 75.820,-, júlí Kr. 93.766,-, ágúst Kr. 52.161, sept. Kr. 12.720,- og vegna girðinga á Vestfjörðum í ágúst og september Kr. 61.335,-. Til jafnaðar hafði hver maður Kr. 2552,- á viku og er það Kr. 257,- meira en í fyrra. Í vinnulaun til fólks búsettu í Árnессýslu, voru greiddar Kr. 132.045,-, í Rangárvallasýslu Kr. 108.336,- og í Reykjavík Kr. 78.637,-. Venjulegur vinnustundafjöldi á dag, var 8 kl. í dagvinnu og 1 kl. í eftirvinnu, nema 1júka þyrfti einhverju verki langt í burtu og eins um verslunarmannahelgina á fóru-mörk, en þá var unnið nött og dag. Tryggingarskildar vinnuvikur voru 125.

3. Girðingar:

Eins og venjulega var reynt að loka Pjórsárdalsgirðingunni, að framanverðu, eins snemma og unnt var. Vegagerð ríkisins setti stórt og voldugt ristarhlið á veginn undir Bringum. Því verki lauk 3. júní og þar með var girðingunni lokað að framanverðu. Við hliðina á ristarhliðinu, var sett gott rekstrahlið, hliðstaurar úr galvaníseruðum járnrorum, steyptir niður og hliðgrindin úr samansoðnum járnrorum. Á kaflanum frá Blakksdal og að Selsandi ca. 3 km. vegalengd, er notast við afréttargirðingu frá Flóamönnum. Þessi girðing er léleg, 5 strengir gaddavír og strjálir trústaurar. Nauðsynlega er mikil þörf á að endurnýja þessa girðingu, því mikill ágangur er af afréttinum inn í girðinguna.

Allur kostnaður við Þjórsárdalsgirðinguna og hliðið varð Kr. 52.775,-

Á þórmörk var að þessu sinni farið til viðgerða á girðingunni 21. júní og verið þar til 1. júlí. Farið var með allri girðingunni og lagaðar vetrarskemmdir, en á Krossáraurum var girðingin reist að nýju þar sem hún var tekin upp í fyrra haust. 12. júlí var girðingin smöluð, en þá voru Eyfellingar búningar að reka til afréttar, og um 200 fjár smalað út. Við smalamennskuna í Valahnjúk, hæðaði ein kind og drapst, búast má við að hana verði að greiða síðar. Kostnaður við eftirlit og smölun í þórmörk, varð Kr. 14.439,-, en viðhaldskostnaður girðingar Kr. 35.257,-

Við Reykjahjáleigugirðingu var aðal vinnan, við að setja göngu og rekstrarhlið á veginn að Garðyrkjuskólanum, að öðru leiti farið með girðingunni og hún lagfærð, sem var lítið. Kostnaður varð Kr. 15.377,-

Í Bæjarstaðaskógvær farið 22. apríl á bifr. X-1635, með girðingarefni í hálfan km. Þar stóð til að lagfara girðinguna í haust, um leið og fræsöfnun færi fram, en ekkert fræ var í skóginum og verður því girðingarviðgerðin að bíða betri tíma.

4. Gróðursetning:

Gróðursetningar hjá Skógrækt ríkisins.

Staður	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	Gr. st.
Þjórsádalur	rauðgreni	V.V. Bindal	2/4	6325	T
" "	stafafura	Skagway	2/3	5150	T
" "	lerki	Arkangelsk	2/0	4000	T
" "	fjallaböll	Lawing	3/3	475	T
Skarfanes	hvítgreni	Summit L.	2/4	850	T
" "	stafafura	Alberta	2/3	5200	T
" "	stafafura	Wansa L.	3/0	5200	T
" "	stafafura	Skagway	2/3	3500	T
Reykjahjáleiga	sitkabast.	Lawing	2/4	8000	T
" "	rauðgreni	GraneVefs.	2/3	2000	V
Ölvisholt	sitkagreni	Seward	3/4	1000	T
" "	stafafura	Skagway	2/3	1500	T

Í Þjórsárdal var byrjað að gróðursetja 2. júní. Samtals voru gróðursettar þar 15950 plöntur. Allar plönturnar voru frá Tumastöðum. Af góðri reynslu frá árinu 1964, var farið upp í Þjórsárdal, með plöntur frá Tumastöðum í fyrra haust og þeim slegið þar niður, það heppnaðist því miður ekki eins vel nú, eins og áður og töluverð vanhöld urðu á plöntunum, sérstaklega rauðgreninu, en uppeftir var farið með um 11. þús. plöntur, rauðgreni og stafafuru. Rauðgrenið og stafafuran, var gróðursett í Ásólfssstaðarskógi framan við vinnuskálana, en fjallaböllin var gróðursett í ógrisjað, rétt ofan við vinnuskálana. Lerkið var gróðursett á flötunum framan við Selhöfða. Það voru eingöngu 2/0 plöntur, svo viðbúið er að töluverð vanhöld verði á þeim.

Í Skarfanesi hófst gróðursetning 14. júní og var lokið við hana á 4 dögum og gróðursettar voru 14750 plöntur. Gróðursett var í gamla gróðursetningu, frá árinu 1958, en þá var gróðursett þar gráfura 3/0 frá Salida, þær plöntur höfðu mikið til drerist, en þær sem lifandi eru hafa ekkert vaxið. Einnig var gróðursett í rjóður, svo ekkert purfti að grisja. Plönturnar allar frá Tumastöðum.

Reykjahjáleiga. Gróðursett þar 24. maí til 4. júní. Gróðursett var í gömlu gróðrarstöðina og brekkurnar þar austur af. Sitkabastarðurinn frá Tumastöðum, en rauðgrenið frá Vöglum, samtals 10. þús. plöntur. 30. maí var sáð birkifræi í Reykjafjall á stöku stað.

Ölvisholt, þar var gróðursett 8. júní og lokið við á einum degi. Gróðursett var við plógstrengi, í mýrina vestur af brekkunum. Plönturnar voru allar frá Tumastöðum.

17 - 21. maí var unnið í Múlakoti, að gróðursetningu, áburðargjöf og hirðingu. Gróðursett var, 180 sitkagreni (Seward) 8 askar (Leksvík) 4 fjallaballir (Lawing) 5 balsamþinir (New-F.land) og 3 broddfurur, allt hnausaplöntur frá Tumastöðum. 2 bílförmum af skán var ekið í reitinn og borið að trjám þar.

15. apríl voru teknar lúpinurætur á Þveráraurum, farið með þær upp í Þjórsárdal og gróðursettar á söndunum austur af Rauðukömbum.

Allur kostnaður við gróðursetningarnar og lúpinuræktina, þar með talið plöntuverð, varð Kr. 127.499,-.

9 - 28. ágúst var borinn áburður og grisjað frá plöntum í Selhofðum í Þjórsárdal.

Gróðursetning Hjá Skógræktarfélögnum.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.s.
<u>Skf. Árnesinga.</u>					
Snæfoksstaðir	bergfura	Norsk	3/0	8000	Nor.
"	sitkabast.	Lawing	2/4	1000	T.
"	rauðgreni	Grane V.	2/3	4000	T.
"	sitkagreni	Seward	3/3	4000	T.
"	stafafura	Skagway	2/3	300	T.
Sandvíkurhr.girð.	stafafura	Skagway	2/3	250	T.
"	birki	Ísl.	3/0	500	T.
Hraungerðishr.girð.	stafafura	Skagway	2/3	350	T.
Hamarinn Hveragerði	sitkagreni	Seward	3/4	1000	T.
"	stafafura	Skagway	2/3	500	T.
Hlíðardalsskóli	sitkagreni	Seward	3/4	500	T.
"	stafafura	Skagway	2/3	500	T.
<u>Skf. Rangæinga.</u>					
Skógaskóli	stafafura	Skagway	2/3	100	T.
Kverkin Seljarlandi	sitkagreni	Seward	3/3	200	T.
"	rauðgreni	Grane V.	2/3	200	V.
"	stafafura	Skagway	2/3	800	T.
"	bergfura	Norsk	3/0	1800	Nor.
"	birki	Ísl.	3/0-	200	H.
Stórólfshvolsgirðing	ravðgreni	Grane V.	2/3	200	V.
"	stafafura	Skagway	2/3	150	T.
"	birki	Ísl.	3/0	350	H.

Staður.	Tegund.	Kvæmi.	Aldur.	Fjöldi.	Gr.	st
Djúpárhr. girðing	birki	Ísl.	3/0	500	H.	
Gunnarsholts girðing	sitkagreni	Seward	3/3	1000	T.	
"	stafafura	Skagway	2/3	1000	T.	
Tungu girðing	ravðgrreni	Grane V.	2/3	1500	V.	
"	birki	Ísl.	3/0	500	H.	
<u>Skf. Mýrdælinga.</u>	sitkabast.	Lawing	2/4	2000	T.	
"	stafafura	Skagway	2/3	1000	T.	
"	þingviðir	Ísl.	2/0	1000	T.	
<u>Skf. Mörk.</u>	sitkagreni	Seward	3/4	2000	T.	

5. Leiðbeiningar og ferðalög:

23-27 febr. sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða, í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktarríkisins fyrir árið 1965.

7-9 maí fór ég austur í Skaftafellssýslu, ræddi við skógræktarfélaga í Vík í Mýrdal, um gróðursetningar vorsins. 17-19 maí um Rangárvallasýslu, einnig vegna gróðursetninga og girðinga þar. Margar ferðir í girðingar Skógræktarfélags Árnesinga, til leiðbeiningar við gróðursetningar o.fl.

Frá 14. júlí til 3.ágúst, má segja að mikill eða mestallur tíminn hafi farið í undirbúning og ferðalög, vegna verzlunarmannahelgi á Þórsmörk. Auk þess margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins vegna framkvæmda í þeim.

9.-15. ágúst, ferðast um Vestfirði, vegna vinnu í skógræktarfélags-girðingum þar.

26.-29. ágúst á aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi.

Ymislegt:

Vestfjarðarferð. Dagana 9.ág. - 7.sept. var gerð ferð til ýmissa staða á Vestfjörðum, til að vinna í Skógræktarfélags gitöingum þar. 4. verkamenn voru í ferðinni. Farið var á bifreiðinni L.-233 og var skúr á vörupallinum, sem búið og matseldað var í.

Haldið var frá Selfossi, um Reykjavík, þar sem tekið var girðingarefni o.fl. og ekið að Vesturbotni í Patreksfirði. Þar var svo að segja gerð upp að nýju 1100 m. löng girðing, grisjaðar rásir og grisjað frá plöntum. Kostnaður þar varð Kr. 37.727,81. Drengjaholt við Patreksfjörð, var grisjað frá plöntum og girðingin aðeins lagfærð. Einnig var grisjað í garði sýslumannsins. Kostn. samt. Kr. 1715,98. Bíldudalur, grisjaðar rásir fyrir gróðursetningu næsta árs, kostn. Kr. 4772,27. Á Ísafirði var aðeins grisjað frá gróðursetningum, sem voru gjörsamlega komnar á kaf í þétt kjarr, kostn. Kr. 6236,97. Í Mórudal, var gert við girðinguna og grisjað frá plöntum Kr. 1715,98, Við Vatnsfjarðarskála, var smá viðgerð á girðingunni, Kr. 502,57. Í Vatnsfjarðargirðingu var grisjað frá gróðursetningum og gert við girðinguna, kostn. Kr. 3348,24. Barmahlið, gert við girðinguna, grisjað frá plöntum og ruddar rásir fyrir gróðursetningum, kostn. Kr. 5315,- í þessari ferð, var unnið í 9. girðingum fyrir samtals Kr. 61.335,37. Á Vestfjörðum, eins og viðar er vont að fá vercafólk og ef það fæst, vantar oft góð verkfæri og annað sem með þarf, til að vinna að grisjun og girðingarviðgerðum. Á öllum þeim stöðum, sem unnið var, kom í ljós að þessi aðstoð var haksamlega þegin og trúlega mundi margt af því sem gert var hafa dregist um mörg ár, ef þessi umferðaraðstoð hefði ekki verið send á staðina. Því tel ég sjálfsagt að framhald verði á þessari aðstoð við skógræktarfélögin, því trúlega er viðar skortur á vercafólk ~~xíðar~~ en á Vestfjörðum. Ég vil geta þess að þegar er komin pöntun á umferðarflokknum ~~xx~~ Smænixlandi, ef hann verður starfræktur næsta sumar.

Ferðafólk. Sívaxandi fólksstraumur er í skóglendi skógræktarinna yfir sumarið, ýmist til dvalar yfir helgar, eða lengri tíma. Umgengni er misjöfn, sumstaðar góð, en annarstaðar afleit og getur verið að það fari eftir aðstæðum. Í Skarfanes var töluverður fólksstraumur í sumar. Þar hefur ekkert verið gert til að fólk geti dvalið þar, engar sorptunnur, ekkert salerni og vatn af skornum skammti. Þar hagar svo til að mjög auðvelt er að aka um skógin og þá jafnframt um gróðursetningarnar, enda var það óspart gert í sumar, einnig var slegið upp tjöldum í gróðursetningunum og plöntur drepnar eða stór skemmdar. Æg sé enga ástæðu til að venja fólk á að leggja Skarfanes undir sig til sumardvalar, þar sem Þjórsárdalur og Þórsmörk er öllum opin til dvalar. Legg ég því til, að veginum pangað verði lokað, enda mjög hægt við brúna á Skarfaneslæknum.

Í Þjórsárdal dvaldi oft margt fólk í tjöldum um helgar. Umgengni var yfirleitt mjög góð, svo ekki varð neinn kostnaður við hreinsun.

Eins og undanfarandi ár var Þórsmörk vinsælasta skóglendið til helgardvalar í sumar. Þar var yfirleitt fjölmenni um allar helgar, að maður ekki tali um verzlunarmannahelgina, en þá kom pangað fólk í þúsunda tali. Umgengni hefur alltaf verið slæm í Þórsmörk og eins var í sumar. Það er kostnaðarsamt að fara á Þórsmörk til hreinsunar og þess vegna ekki farið eins oft og æskilegt væri, en það þyrfti helst að fara eftir hverja helgi, eða að minnsta kosti eftir aðrahverja helgi.

Allur kostnaður í sumar vegna ferðafólks varð Kr. 136.514,42. Helstu kostnaðarliðir voru þessir. Hreinsunarkostnaður Kr. 49.476,05, salerni og vatnslagnir Kr. 14.668,20, lækniskostnaður lyf o.fl. Kr. 20.596,15, löggæsla og hjálparsveit skáta Kr. 37.956,85 og ýmislegt Kr. 13.817,17. Til þess að standast straum af kostnaði vegna ferðafólks, var skógræktinni heimilað að taka Kr. 50,00 gjald af hverjum manni um verzlunarmannahelgina, sem á Þórsmörk færi, fyrir það komu inn Kr. 156.050,- og fyrir söluleyfi gosdrykkja o.fl. kom inn Kr. 10.131,-

Áætlun næsta árs.

Fyrit utan fasta liði, svo sem viðhald á girðingum og gróðursetningar, tel ég eftirfarandi liði æskilega og mest aðkallandi.

1. Áburðargjöf á plöntur, bæði í Þjórsárdal og Skarfanesi.
2. Vegagerð inn Hvammsárdal. Nauðsynlegt er að vegur sé kominn inn dalinn, áður en framkvæmdir eru hafnar að ráði þar. Eins verður gott að komast eftir þessum veginni að girðinguunni frá Blakksdal og að Selsandi, en á þeim kafla þarf að endurbæta girðinguna mikið.
3. Léttann færnlegan íveruskúr, með aðstöðu til að 4. menn geti búið í honum.
4. 2.-3. salerni á Fórsmörk og eitt í Skarfanes.

Selfossi 31. des. 1965.

Georgas Jónasson